

Fundur stjórnar 28.febrúar 2022, Síðumúla 15 klukkan 16:30

Mættir eru : Daníel Örn Hinriksson, formaður, Guðbjörg Guðmundsdóttir, Marianna Gunnarsdóttir, Anna María Ingvarsdóttir og Anna Guðjónsdóttir. Auður Sif Sigurgeirsdóttir og Helga Kolbeinsdóttir boðuðu forföll. Fundinn sat Guðný Isakssen framkvæmdastjóri.

Ungmennadeild.

Theodóra Róbertsdóttir, stjórnarmaður ungmennadeildar, deildi skjali með stjórn félagsins þann 16/2 2022, með breyttum reglum Ungmennadeildar HRFÍ. Hugmyndir höfðu komið fram um að breyta fyrirkomulagi æskulýðs starfs félagsins á þann veg að sérstök nefnd yrði stofnuð hvers hlutverk yrði að sjá um æskulýðs starf innan félagsins í stað þess að stjórn ungmennadeildar sjái um það. Höfðu stjórn HRFÍ og stjórn Ungmennadeildar áður fundað um málið.

Stjórn samþykkti tillögurnar og vildi leggja til að núverandi stjórn ungmennadeildar myndi sitja áfram sem stjórn Ungmennadeildar en skipað yrði í nýja fastanefnd félagsins eftir aðalfund félagsins.

FHD-Fuglahundadeild.

Erindi barst stjórn 21.febrúar 2022 þar sem óskað var eftir fundi með stjórn HRFÍ og framkvæmdstjóra til að ræða “einhliða stefnubreytingar í samskiptum”, er varða einn af grundavallar þáttum í starfi deildarinnar sem er gagnagrunnur FHD. Fram að þessu hefur FHD fengið uppfærslu frá HRFÍ tvisvar á ári með öllum upplýsingum um hunda sem tilheyra FHD og varpað þeim upplýsingum í sinn gagnagrunn. Eins og fram hefur komið í samtali við framkvæmdastjóra þá erum við að koma af stað nýju kerfi og ekki hægt að nálgast upplýsingarnar á sama hátt og var í Lukku. Upplýsingarnar sem FHD biður um eru til staðar á pappírformi og er stjórn FHD upplýst um að hægt er að nálgast þær á skrifstofu HRFÍ. Nýr gagnagrunnur HRFÍ kemur síðan til með að hýsa allar upplýsingar um heilsufar, sýninga- og vinnuárangur hunda félagsins þegar fram líða stundir.

Boxerdeild

Erindi barst stjórn 24. febrúar 2022, er varðar breytingar á reglum um ættfærslu Boxer hunda, eins og það er orðað í bréfinu. Þegar ræktunar- og staðlanefnd uppfærði reglur um ættbókarskráningu var haft samband við allar deildir þar sem breytingar eru. Boxerdeild var hér að gera athugasemdir við breytingar á almennu reglunum um ættbókarskráningar sem tóku gildi í september 2019. Haft verður samband við stjórn Boxerdeildar til útskýringa. Ef sérákvæði eiga að gilda um Boxerhunda þarf að senda erindi um ósk um þau sérákvæði með rökstuðningi og það verður sett í viðeigandi farveg.

Erindi frá félagsmanni.

Erindi sent formanni þann 16. febrúar 2022. Erindið varðar heilbrigðiskröfur fyrir ættbókarskráningu í tegundinni Chow Chow. Ef sérákvæði eiga að gilda um hundakynið þarf að senda vel rökstutt erindi þess efnis og verður það sett í viðeigandi farveg. Fjallað var um erindið og afgreitt.

Umsóknir um deildarsýningar 2022.

Smáhundadeild – samþykkt

Retrieverdeild – apríl/maí samþykkt

Retrieverdeild- september, gerðar athugasemdir við dagsetningar.

Erindi frá félagsmanni.

Erindi barst stjórn þann 16. febrúar 2022. Erindið varðar innflutning á hundi sem hefur undirgengist raddbandaklippingu (e : de-barked). Þá snýr erindið fyrst og fremst að því hvort sýningareglur félagsins segi skýrt hvort það sé bannað. Það er ekkert í reglum félagsins sem bannar að sýna raddbandaklippta hunda eins og stendur.

Fulltrúaráðsfundur

Húsnæði félagsins.

Sent verður út fundarboðið fyrir fulltrúaráðsfundinn í vikunni. Þar verður farið yfir stöðu mála og deildir hvattar til að taka þátt í þarfagreiningu um framtíðarhúsnæði félagsins.

Lagabreytingartillögur stjórnar

Stjórn fór yfir lagabreytingartillögur sem stjórn skilar inn vegna aðalfundar.

Önnur mál

Fundinn ritaði GG

Fundi slitið kl 19:00, næsti fundur ákveðinn 21. mars.